



**Samstarf leik- og grunnskóla  
í Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
2022 - 2023**



**Skýrsla unnin í júní 2023**

Kristín Gísladóttir – Þjórsárskóli og Haukur Vatnar Viðarsson - Leikholt

## Samstarf leik- grunnskóla samkvæmt lögum, Aðalnámskrá leikskóla (2011), Aðalnámskrá grunnskóla (2011) og skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Þann 1. júlí 2008 tóku í gildi lög um leikskóla sem kveða á um að sveitastjórn skuli “koma á gagnvirku samstarfi leikskóla og grunnskóla. Í skólanámskrá skal gera grein fyrir samstarfi milli leikskóla og grunnskóla og hvernig standa skuli að færslu og aðlögun á milli skólastiga”.

Í Aðalnámskrá leikskóla og Aðalnámskrá grunnskóla sem komu út 2011 er lögð áhersla á að nám og uppeldi í grunnskóla byggji á fyrri reynslu og námi barna til að skapa þeim öryggi og ný námstækifæri. Í Aðalnámskrá leikskóla segir: “leikskólabörn eiga að fá tækifæri til að kynnast umhverfi og starfi grunnskóla meðan þau eru enn í leikskóla og viðhalda góðum tengslum við leikskólann eftir að grunnskólanám hefst”.

Í Aðalnámskrá grunnskóla er tekið undir þetta og þar segir m.a. “Leikskólabörn þurfa að fá tækifæri til að kynnast væntanlegum grunnskóla á meðan þau eru enn í leikskóla og líta skal á fyrstu tvær vikur grunnskólagöngunnar sem tímabil aðlögunar og undirbúnings”.

Í Aðalnámskrá beggja skólastiga kemur fram að tengsl leikskóla og grunnskóla sé samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga og það er barnið, velferð þess, menntun og þroski sem gengið er út frá. Kennarar á báðum skólastigum eiga að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars, leita leiða til að móta samstarf og skapa samfellu í námi barna með það að leiðarljósi að auka sjálfstraust barna og styðja við nám þeirra.

Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur m.a. fram varðandi samstarf skóla sveitarfélagsins að stefnt skuli að því að auka samstarf allra skóla sem koma að námi og kennslu barna, að skólar setji sér markmið sem skapi samfellu í námi barnanna, að nemendur kynnist vek þeim skóla sem tekur við og að faglegt samstarf skólanna verði aukið.

## Samstarf leik- grunnskóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi skólaárið 2022 - 2023

Haustið 2022 voru 6 börn í elsta árgangi Leikhólts og í Þjórsárskóla voru 8 nemendur í 1. bekk og 5 nemendur í 2. bekk. Samanlagt voru því 19 börn í starfinu á fimmtudögum, þegar skólaheimsóknir fóru fram.

### Fundir vegna skólaheimsókna 2022-2023

Fyrsti samstarfsfundurinn var haldinn að hausti og þá var rætt skipulag og dagsetningar skólaheimsókna sem og samsetning nemendahópsins. Haukur Vatnar Viðarsson verður kennari skólahóps og Kristín Gísladóttir umsjónarkennari hjá 1.-2. bekk. Þau skipulögðu heimsóknir og undirbjuggu þema haustannar sem var Líkaminn. 8 heimsóknir voru skipulagðar á haustönn og ein heimsókn í Leikholt. Tekið var tillit til stærðar og samsetningu í nemendahópnum, með það að leiðarljósi að hver og einn fengi að njóta sín á sínum forsendum.

Mikil samvinna er í hverri viku á milli kennara en næsti formlegi samstarfsfundur var í janúar, þar sem lagðar voru línurnar fyrir vorönn. Þema vorannar voru Skrímslu og ákveðnar voru 7 heimsóknir og síðan fyrsti heili skóladagur nemenda í maí. Þá komu börnin í skólahóp, án kennara, með skólabíl og tóku þátt í skólastarfi allan daginn. Skólaheimsóknir á vorönn voru lengri en á haustönn eða fram yfir hádegismat og frímínútur.

Skilafundur var í Þjórsárskóla í júní. Á þeim fundi var farið vel yfir náms- og félagslega stöðu barnanna í skólahóp til þess að skólinn væri vel upplýstur og tilbúinn að taka sem best á móti nemendahópnum.

**Samantekt** – Skólaheimsóknirnar voru vel undirbúnar og gengu mjög vel. Unnið var á stöðvum og verkefni sem lögð voru fyrir nemendur voru fjölbreytt, einstaklingsmiðuð og vöktu þau áhuga nemenda. Áhersla var á hlutbundna vinnu og fjölbreytta kennsluhætti, þar sem mikill getumunur er á nemendum. Verkefni sem unnin voru á stöðvum hentuðu nemendum börnunum vel og þau voru glöð og kát. Samvinna milli kennara og stuðningsfulltrúa gekk vel og allir voru virkir í hugmyndavinnu og skipulagningu.

Leikskólabörnin voru fljót að læra á skólaumhverfið, morgunmatinn, frímínútur og annað skipulag. Um vorið, þegar leikskólabörnin komu heilann dag í skólann, voru þau örugg með sig innan veggja skólans sem utan og greinilegt var að þeim hlakkaði til að koma í 1. bekk eftir sumarfrí.

## Heimsóknir elstu barna leikskólans í Þjórsárskóla 2022-2023

### Skipulag fyrir haustönn 2022

8.50	Farið frá Leikholti
9.00 - 9.20	Stofuval—Farið yfir daginn
9.20-9.40	Morgunmatur
9.40-10.20	Stöðvavinna
10.20-10.35	Frímínútur
10.35-11.15	Stöðvavinna
11.15-11.55	Stöðvavinna
11.55	Brottför frá Þjórsárskóla

### Skipulag fyrir vorönn 2023

8.50	Farið frá Leikholti
9.00 - 9.20	Stofuval—Farið yfir daginn
9.20-9.40	Morgunmatur
9.40-10.20	Stöðvavinna
10.20-10.35	Frímínútur
10.35-11.15	Stöðvavinna
11.15-11.55	Stöðvavinna
11.55	Hádegismatur og frímínútur.
12.40	Brottför frá Þjórsárskóla

Fyrirhugaðar dagsetningar heimsókna Leikskólabarna á haustönn og vorönn:

Haustönn	Vorönn
6. október	26. janúar
13. október	2. febrúar
20. október	16.febrúar
27.október	23.febrúar
3. nóvember	2. mars
10. nóvember	9. mars
17.nóvember	27.apríl
1. desember (Þjórsárskóli í Leikholt)	4.maí
8. desember (Hátíð)	11. maí (Heill dagur)

## Aðgerðaráætlun samstarfs leik og grunnskóla 2022 - 2023

### Haustönn

	Júní / Ágúst	September – Október – Nóvember - Desember
Hvað gert	<p>Skilafundur í júní: Vegna væntanlegra nemenda í 1. bekk.</p> <p>Útskrift barna úr Leikholti og Kristín býður þau velkomin í Þjórskárskóla.</p> <p>Foreldrafundur í ágúst: Foreldrar og börn sem eru að byrja í 1. bekk.</p>	<p>Samráðsfundur í september: Gengið frá skipulagi vegna heimsókna haustanna.</p>
Ábyrgð	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólastjóri</li> <li>• Leikskólastjóri</li> <li>• Umsjónarkennari</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Þjórskárskóla.</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Leikholti.</li> <li>• Sérkennslustjóri ef um sérkennslubörn er að ræða.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólastjóri</li> <li>• Leikskólastjóri</li> <li>• Umsjónarkennari</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Þjórskárskóla.</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Leikholti.</li> <li>• Sérkennslustjóri ef um sérkennslubörn er að ræða.</li> </ul>

### Vorönn

	Janúar	Febrúar – Mars – Apríl	Mái/Júní
Hvað gert	<p>Samráðsfundur: Endurmat á haustönn og gengið frá skipulagi vegna heimsókna voranna.</p>	<p>Skólaheimsóknir, bæði í Þjórskárskóla og eldri nemenda í Leikholt.</p>	<p>Heill skóladagur Foreldrum boðið í heimsókn í kennslustund ef aðstæður leyfa. Endurmat á vorönn Skýrsla um samstarf.</p>
Ábyrgð	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólastjóri</li> <li>• Leikskólastjóri</li> <li>• Umsjónarkennari</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Þjórskárskóla.</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Leikholti.</li> <li>• Sérkennslustjóri ef um sérkennslubörn er að ræða.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólastjóri</li> <li>• Leikskólastjóri</li> <li>• Umsjónarkennari</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Þjórskárskóla.</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Leikholti.</li> <li>• Sérkennslustjóri ef um sérkennslubörn er að ræða.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólastjóri</li> <li>• Leikskólastjóri</li> <li>• Umsjónarkennari</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Þjórskárskóla.</li> <li>• Umsjónarmaður samstarfs frá Leikholti.</li> <li>• Sérkennslustjóri ef um sérkennslubörn er að ræða.</li> </ul>

## Lokaorð

Samstarf milli leik- og grunnskóla í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur festst vel í sessi og skipar stóran þátt í góðri og öruggri færslu barna milli þessara skólastiga. Börnin sem eru að flytjast úr leikskóla yfir í grunnskóla hafa fengið tækifæri með þessum heimsóknum til að kynnast eldri nemendum og mynda tengsl við kennara og starfsfólk grunnskólans. Sömuleiðis gefa þessar heimsóknir kennurum og starfsfólki Þjórsárskóla gott tækifæri til þess að kynnast börnunum: persónuleika þeirra, styrkleikum og veikleikum. Verðandi nemendur skólans hafa einnig með heimsóknum sínum kynnst skólabyggingunni, umhverfi skólans, ásamt því að þekkja til starfshátta hans og meginreglna.

Í lögum leik- og grunnskóla, Aðalnámskrá beggja skólastiga, stefnu Skólaþjónustu Árnesþings og þá um leið skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps má finna áherslur á mikilvægi í samfelli í uppeldi og menntun. Í stefnu sveitarfélagsins er lögð áhersla á aukningu samstarfs milli skólastiga og að viðeigandi skólar setji sér markmið er varðar samfelli náms og aukningu á faglegu samstarfi. Að því leyti er mikilvægt að samræmi sé á milli þess sem börn gera í leikskóla og því sem unnið er að í grunnskólanum.

Báðir skólarnir eru ART vottaðir skólar. Kennarar þeirra hafa sama bakgrunn og nota svipaðar aðferðir við agastjórnun og gefa svipuð fyrirmæli. Samræmi sem þetta eykur á vellíðan og öryggistilfinningu barnanna og þau vita til hvers er ætlast af þeim. Nú hefur einnig sú hefð myndast síðustu ár að umsjónarkennari barnanna fer með þeim í heimsókn í Leikskólann. Gott upplýsingastreymi milli skólanna og samvinna stuðlar bæði að meira öryggi hjá börnunum sem eru að fara í nýjan skóla, sem og foreldra þeirra.

Samstarf milli leik- og grunnskóla er í góðum farvegi að okkar mati og það er einnig í stöðugri þróun. Nemendur í 1.-2. bekk taka mjög vel á móti börnunum úr leikskólanum og eru hjálpsöm og umvefjandi. Þau yngri þekkja á umhverfið og starfsfólk og mæta kát og glöð á skólasetningu að hausti.

Júní 2023

Kristín Gísladóttir og Haukur Vatnar Viðarsson

## Fylgiskjöl

- Þema: Líkaminn – Haustönn
- Þema: Skrímsli – Vorönn